

Nýnemar haust 2023. – sent 14.ágúst 2023

Velkomin í MH.

Stundatöflurnar ykkar eru tilbúnar og eru sýnilegar í Innu. Inna er aðgengileg frá heimasíðu skólans <https://www.mh.is/>. Til að komast inn í Innu þurfið þið rafræn skilríki eða íslykil. Aðstandendur ykkar komast líka inn á Innu með sínum rafrænu skilríkjum eða íslykli (þangað til þið verðið 18 ára).

Námstjórar skólans verða til viðtals fyrir ykkur, ef þið þurfið að láta breyta einhverju í sambandi við stundatöflurnar ykkar eða hafið aðrar spurningar sem brenna á ykkur. Námstjórararnir verða við á skrifstofunni milli 10:00 og 14:00 mánudaginn 14.ágúst, þriðjudaginn 15. ágúst og miðvikudaginn 16. ágúst.

Nýnemakynning verður fimmtudaginn 17.ágúst kl. 13:00 á sal skólans. Þar verður farið yfir helstu atriði sem skipta máli við byrjun skólagöngu í framhalssskóla. Eftir kynninguna farið þið í stofur með lífsleiknikennurum ykkar þar sem verður haldið áfram að tryggja það að fyrsti skóladagurinn verði sem þægilegastur. Þetta mun taka ca. 2 klst.

mánudaginn 21. ágúst mæta allir nemendur skólans kl. 8:20 á skólasetnigu á sal. Eftir hana farið þið öll í stofur skv. stundskrá. Ef þið eruð ekki með tíma í stundatöflunni á þessum tíma þá þurfið þið ekki að mæta fyrr en ykkar tími byrjar.

IB students will get an email from Guðmundur Arnlaugsson the IB-coordinator with further information.

Kveðja Helga Jóhannsdóttir , konrektor